

Nr. 906

28. september 2015

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Sveitarfélagsins Skagafjarðar nr. 961/2013.**

1. gr.

Töluliður 4.1 í B-lið 47. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Skipulags- og byggingarnefnd: Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Byggingsfulltrúi veitir byggingarleyfi í samræmi við 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og framkvæmdaleyfi í samræmi við 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Telji byggingarfulltrúi að erindi sé bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir, skipulagsskilmála og/eða byggingarreglugerð eða óvissu ríkja um hvort uppfyllt sé ákvæði laga, reglugerða og samþykktta, skal hann vísa málinu til afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar, sem fjallar þá um byggingaráformin í samræmi við 11. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Skipulags- og byggingarnefnd annast störf sem 6. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 kveður á um. Einnig skipulag hafnarsvæða að tillögu umhverfis- og samgöngunefndar og umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 28. september 2015.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 14. október 2015